

Föstudaginn 27. október 1967.

Nr. 24/1967. **Jón Ólafsson**
 (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Gleri og Listum h/f
 (Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Riftun kaups. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1966, en málið var fellt þar niður hinn 1. febrúar 1967 sökum útivistar umboðsmanns hans. Hann skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 15. febrúar 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og að löghald, sem lýst var í íbúð hans að Laugarnesvegi 110 hér í borg hinn 12. september 1963, verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, greiði stefnda, Gleri og Listum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1966.

Mál þetta var tekið til dóms 26. júní s.l. að loknum munnlegum málflutningi. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 17. september 1963. Þingfesting fór fram 26. sama mánaðar. Stefnandi er Gler og Listar h/f, Reykjavík. Stefndi er Jón Ólafsson héraðs-dómslögmaður, Laugarnesvegi 110, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 107.447.00 auk 8% vaxta p. a. frá 13. október 1962 til greiðsludags og málskostnað, þar á meðal lög-haldskostnað. Þá er þess krafizt, að „með dómi verði riftað kaupum stefnanda hjá stefnda í sept. 1962 á raflömpum, og loks er þess krafizt, að löghaldsgerð sú, er gerð var í eignum stefnda hinn 12. þ. m. (þ. e. 12. september 1963) til tryggingar stefnu-kröfunni, verði staðfest með dómi“.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í september 1962 var gerður samningur milli stefnanda og félagsskapar, sem starfræktur var undir nafninu Rafblik h/f, um, að stefnandi skyldi kaupa lampa af félagsskapnum. Fyrir hönd hans kom fram stefndi í máli þessu, a. m. k. í einhverjum sam-skiptum tengdum samningsgerðinni. Hlutafélag með nafninu Raf-blik hefur ekki verið skráð, og er óumdeilt, að stefndi sé persónu-lega aðili málsins. Hann gerði úr garði samning um kaup þessi, en ekki varð úr undirritun hans.

Seint í september 1962 afhenti stefnandi stefnda tvo víxla. Fjárhæð hvors um sig var kr. 40.000.00 og gjalddagi þeirra beggja 27. desember 1962. Stefndi kvittaði fyrir á þennan hátt:

„Rvík, 28. sept. 1962.

Í dag hefur Gler og Listar h.f. greitt mér upp í
væntanleg lampakaup með víxlum pr. 27/12 '62
áttatíu þúsund 00/100 _____
sem hér með viðurkennist.

pr. Rafblik h.f.

kr. 80.000.00

Jón Ólafsson“.

Ágreiningslaust er, að engir lampar voru afhentir, er víxlarnir voru afhentir stefnda í septemberlok. Stefndi skýrir svo frá, að samið hafi verið um, að afhending á lömpunum færi fram um miðjan október, en stefnandi hafi þá ekki verið tilbúinn til að taka við þeim, þar sem yfir hafi staðið framkvæmdir í væntanlegu verzlunarhúsnæði hlutafélagsins að Laugavegi 178 hér í borg-

inni. „Þar sem lögð hafði verið áherzla á að hafa lampana tilbúna til afhendingar á réttum tíma“, segir í skýrslu stefnda, „og ekki unnið fyrir aðra en stefnanda, gerði stefnandi það að samþykkja tvo víxla með gjalddaga 27. des. 1962 til þess að standa við sitt, en það Rafblik síðan að geyma lampana“. Stefndi skýrir enn fremur svo frá, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi í byrjun október séð lampa þá, sem félagið átti að fá.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Sveinn M. Guðmundsson, sem gaf skýrslu á bæjarþingi 27. apríl 1964, skýrði þá svo frá, að stefndi og annar maður, Jóhannes Guðmundsson, hefðu sýnt sér og Guðbrandi Jörundssyni, sem mun vera stjórnarmaður í Gleri og Listum h/f, erlenda bók með myndum af þeim lömpum, sem félagsskapurinn Rafblik hafi boðið fram.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að lamparnir hafi verið afhentir, löngu eftir að fyrrnefnd afhending víxla fór fram, en afhendingartíminn ekki tilgreidur nánar, en hann hafi verið í nóvember. Stefndi hefur skýrt svo frá, að afhendingin á lömpunum hafi farið fram í nóvember, enda hafi verzlun stefnanda verið opnuð í lok þess mánaðar. Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að þegar eftir afhendingu hafi verið krafizt riftunar og sú krafa borin fram við sölumann Rafblíks. Því er hins vegar haldið fram af stefnda, að engin riftunarkrafa hafi komið fram fyrr en í janúar 1963, svo sem síðar mun nánar frá sagt. Sölu- maður sá, sem hér er um að tefla, hefur ekki gefið skýrslu, enda er hann sagður farinn úr starfi þessu og dvalarstaður hans óþekktur.

Fram er komið í málinu, að stefnandi greiddi til Rafblíks í peningum kr. 33.598.00 eða kr. 33.368.00 um þetta leyti, en upplýsingar liggja ekki fyrir um, hvaða dag greiðslan fór fram. Stefnumkrafan byggist á því, að lægri fjárhæðin hafi verið greidd.

Ljóst er, að í verzlun stefnanda hafa verið seldir einhverjir þeirra lampa, sem félagið hafði fengið frá Rafblíki. Er því haldið fram af stefnanda, að andvirði þeirra hafi verið kr. 5.921.00.

Hinn 9. janúar 1963 ritaði Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður bréf til „Rafblik h/f — c/o hdl. Jón Ólafsson . . .“.

Þar segir m. a.:

„Herra Guðbrandur Jörundsson f. h. Gler og Listar h/f hefur falið mér að rifta kaupum við Rafblik h/f á lömpum, fá afhenta tvo víxla, samþ. af umbjóðanda mínum, samtals kr. 80.000.00, og fá endurgreiddar kr. 33.598.00, er þeir hafa greitt yður. Þó

er umbjóðandi minn fánlegur til að taka ógallaða vöru fyrir þessum kr. 33.598.00 ...“.

Síðan er tekin upp í bréfið skýrsla Guðbrands Jörundssonar: Stefndi svaraði bréfi þessu næsta dag og sagði m. a.:

„Ég vil að öllu leyti mótmæla skýrslu umbj. yðar ... Er vara sú, er Rafblik h/f seldi Gleri og Listum h/f, var afhent í nóvember, var ekki nein óánægja látin í ljós, og er því riftunarkrafa umbj. yðar of seint fram komin, þó svo væri, að varan væri „gölluð og með óhóflegu verði“, en því er eindregið mótmælt, að svo hafi verið.

Ég get því ekki fallið á riftunarkröfu yðar og þar af leiðandi ekki á afhendingu víxlanna, enda voru þeir seldir þriðja aðila“.

Í málinu hafa verið lögð fram þrjú bréf frá Rafmagnseftirliti ríkisins til stefnanda og lögmanns félagsins, og þykir rétt að taka meginmál þeirra upp í dóm þenna. Fyrsta bréfið er dagsett 23. janúar 1963, og segir í því:

„Rafmagnseftirliti ríkisins hefur borizt bréf yðar, dags. 18. þ. m., varðandi 6 sýnishorn af lömpum, sem fylgdu bréfi yðar.

Eins og yður mun kunnugt, er ekki skylt að senda raffangaprófuninni stofulampa til samþykktar. Hins vegar skal búnaður stofulampa fullnægja kröfum raffangaprófunarinnar.

Umrædd sýnishorn hafa nú verið tekin til athugunar í raffangaprófuninni, og fara hér á eftir athugasemdir þær, sem gerðar hafa verið við sýnishornin:

Standlampi, sýnishorn I:

1. Lampahalda er ekki af viðurkenndri gerð.
2. Illa er snarað úr pípu- og barkaendum, og er því hætt við, að taugar skerist á brúnum þeirra.
3. Á aðtaug er hnútur innan við umgerð lampafótar. Þar ætti að vera taugarklemma.

Standlampi (stál), sýnishorn II:

1. Ekki er snarað úr pípubrúnum, og eru þær víða egghvassar.
2. Hlíf vantar um aðtaug, þar sem hún gengur inn í fót lampans.
3. Fætur, sem eru stálpípur, hafa skorizt næstum í sundur, þegar þær voru snittaðar.

Standlampi (úr tré, stendur á þrem löppum), sýnishorn III:

1. Hvassar brúnir eru á pípu, sem heldur lampahöldu.

Borðlampi, sýnishorn IV:

1. Ekki er snarað úr pípubrúnum og úr innfærslugötum nippla.

Í ljós kom, að einangrun taugar var nudduð sundur í nippli á lampafæti.

2. Taugarklemmu vantaði á taugina við innfærslu.

Vegglampi (teak), sýnishorn V:

1. Ekki er snarað úr lampanippli, og eru á honum hvassar brúnir.

Lampi, sýnishorn VI:

1. Lampahalda er ekki samþykkt.

Hengilampi, sýnishorn VII:

1. Lampahalda er ekki af viðurkenndri gerð.

2. Illa snarað úr lampanippli.

3. Enginn burðarþáttur er í lampanum“.

Þegar framkvæmdastjóri stefnanda kom fyrir dóm á bæjarþingi 27. apríl 1964, sagði hann, að starfsmenn rafmagnseftirlitsins hefðu sjálfir valið sýnishornin, sem talin eru hér að ofan. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að 6 lampar hafi verið valdir af starfsmönnum stefnanda.

Í bréfi rafmagnseftirlitsins frá 16. marz 1963 til stefnanda segir: „Hinn 14. þ. m. fóru samkvæmt beiðni yðar tveir af starfsmönnum Rafmagnseftirlits ríkisins í verzlun yðar og skoðuðu þar lampa af sömu gerð og þér sendur rafmagnseftirlitinu til umsagnar í janúar s.l.

Við athugun kom í ljós, að lömpunum, sem í verzluninni voru, var áfátt á sama hátt og lömpum þeim, sem þér senduð inn sýnishorn af. Sjá bréf rafmagnseftirlitsins til yðar, dags. þann 23. 1. 1963“.

Hinn 27. janúar 1965 sendi lögmaður stefnanda, Guðlaugur M. Einarsson hæstaréttarlögmaður, bréf til rafmagnseftirlitsins. Af því tilefni ritaði það lögmanninum bréf 18. febrúar sama ár, og segir þar m. a.:

„Eins og fram er tekið í bréfi rafmagnseftirlitsins til firmans Gler og Listar h/f, dags. 23. jan. 1963, . . . er ekki skylt að senda raffangaprófuninni stofulampa til samþykktar. Hins vegar skal búnaður stofulampa og frágangur allur fullnægja kröfum rafmagnseftirlitsins.

Athugasemdir rafmagnseftirlitsins í ofangreindu bréfi um sýnishorn þau, er tekin voru til athugunar í janúar 1963, bera það með sér, að samþykkt rafmagnseftirlitsins hefði ekki fengizt.

Athugasemdir rafmagnseftirlitsins voru einnig þess eðlis, að lamparnir gátu ekki talizt söluhæf vara án breytinga.

Hins vegar má geta þess, að nauðsynlegar breytingar til þess

að gera lampana viðurkenningarhæfa hefðu væntanlega ekki þurft að hafa orðið ýkjakostnaðarsamar“.

Dómendur hafa farið á verkstæði stefnanda að Dugguvogi 23, þar sem þeir lampar, sem um er deilt og enn eru til hjá stefnanda, eru geymdir. Skoðun á lömpum, sem valdir voru af handahófi, leiddi í ljós margvíslega galla, og er ekki að þeim öllum vikið í bréfi Rafmagnseftirlits ríkisins frá 23. janúar 1963. Auk galla, sem þar er um rætt, kom fram á sýnishornunum, að lampahöldur voru ekki fastar, og gætu þræðir skorizt sundur, ef perur væru skrúfaðar fastar í höldurnar. Göt höfðu verið brennd með logsuðutæki á pípur til að ná út snúrum, og hafði þess ekki verið gætt að snara úr götunum. Víða vantaði hlífðarkraga, þar sem snúrur komu úr rörum. Á borðlömpum vantaði öryggisfestingar á nippla, og gætu snúrur skorizt í sundur af þeim sökum.

Stefndi gaf skýrslu á bæjarþingi 27. apríl 1964 og sagði þá m. a., að á verkstæði Rafblikks hefðu verið framleiddar flestar þær vörur, sem fjallað er um í málinu. Þó hafi hálfunnin vara verið keypt hjá Heklu h/f. Stefndi sagði, að þá lampa, sem framleiddir voru á verkstæðinu, hefðu starfsmenn Rafblikks sett saman og gengið endanlega frá. Hann sagði, að rafvirki hefði komið á verkstæðið til eftirlits, en ekki kvað hann rafvirkjann hafa unnið þar að staðaldri. Nafn mannsins hefur ekki komið fram í málinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi boðizt til að bæta úr göllum á lömpum, sem kynnu að vera gallaðir, er umræður um riftunarkröfu stefnanda fóru fram í janúar 1963. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda.

Þeir tveir víxlar, sem áður eru nefndir, voru innheimtir með lögsókn og að lokum greiddir að gegnum hæstaréttardómi.

Hinn 12. september 1963 gerði borgarfégeti í Reykjavík lög-hald í íbúð stefnda að Laugarnesvegi 110 í Reykjavík, 4. hæð til hægri, að beiðni stefnanda til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 107.447.00 auk vaxta og alls kostnaðar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé af bréfum Rafmagnseftirlits ríkisins, að lampar þeir, sem stefnandi keypti af Rafblikki, hafi verið verulega gallaðir. Því hafi verið heimilt að rifta kaupunum eftir 43. gr. laga nr. 39/1922. Þetta hafi verið gert og yfirlýsingu þar að lútandi verið komið á framfæri við sölumann Rafblikks, enda hafi hann haft stöðumboð til að taka við henni. Síðar hafi verið neitað að taka við fleiri lömpum á grundvelli heimildarinnar í 46. gr. laga nr. 39/1922. Því er haldið

fram, að ekki hafi þess verið neinn kostur að skoða hina umdeildu lampa, fyrr en þeir höfðu verið afhentir í nóvemberlok 1962, en þá hafi það þegar verið gert og síðan rift þegar í stað með áðurgreindum hætti. Til vara er því haldið fram, að riftunarkröfuna, sem sett er fram í máli þessu, beri að taka til greina, þótt það yrði talið ósannað, að slík krafa hafi verið sett fram fyrr en í bréfi Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns 9. janúar 1963. Er um þetta vitnað til 53. gr. laga nr. 39/1922 og því haldið fram, að Rafblik hafi sýnt vitaverða vanhirðu við gerð og afhendingu lampanna. Því er mótmælt, að stefndi eða aðrir fyrirsvarsmenn Rafblíks hafi boðið, að lamparnir yrðu lagfærðir stefnanda að kostnaðarlausu.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 107.447.00 er fundin með því, að frá andvirði afhentra lampa, sem þá telst kr. 113.368.00, er dregið andvirði þeirra lampa, sem skýrt er frá, að seldir hafi verið í verzlun stefnanda (kr. 5.921.00).

Af hálfu stefnda er persónulegri aðild hans sem fyrr segir ekki mótmælt. Sýknukrafa hans er í fyrsta lagi rökstudd á þann veg, að ekki hafi aðrir lampar verið gallaðir en þeir 6, sem bréf rafmagnseftirlitsins frá 23. janúar 1963 fjallar um. Bréfi sömu stofnunar frá 16. marz 1963 er mótmælt sem þýðingarlausu fyrir mál þetta, þar sem þess sé að engu getið, hve margir lampar hafi verið skoðaðir í umrætt skipti. Því er haldið fram, að áðurnefndir gallar séu óverulegir í sjálfu sér og að auki í svo fáum lömpum, að ekki sé um verulegan galla á hinu selda að ræða. Þá er því haldið fram, að lamparnir hafi verið skoðaðir á vegum stefnanda, enda starfsstofur stefnanda og Rafblíks þá í sama húsi og samgangur á milli. Engar kvartanir um galla hafi verið gerðar fyrir eða við afhendingu, heldur hafi lamparnir þvert á móti verið settir í verzlun stefnanda til sölu. Verzlunin hafi gengið illa og riftunarkrafan komið fram, eftir að jólasölutíminn hafi verið liðinn. Er því haldið fram, að engin kvörtun vegna galla hafi komið fram fyrr en í bréfinu, sem dagsett er 9. janúar 1963. Er samkvæmt þessu krafizt sýknu á grundvelli 43. gr., 2. mgr., laga nr. 39/1922, þar sem gallar hafi verið óverulegir, og til vara á grundvelli 51. og 52. gr. sömu laga. Við munnlegan flutning málsins var fallið frá kröfum um bætur vegna löghalds, en áskilinn réttur til að hafa þær uppi síðar. Sams konar áskilnaður var hafður um skuldajöfnunarkröfu, sem um eitt skeið var gerð af hálfu stefnda.

Niðurstaða.

Ósannað er, að starfsmenn eða stjórnarmenn stefnanda hafi skoðað hina umræddu lampa, fyrr en þeir voru afhentir í nóvember 1962. Hér var um verzlunarkaup að tefla, og bar fyrirvarsmönnum stefnanda því að skoða lampa þá, sbr. 51. gr. laga nr. 39/1922. Ekki er sannað í málinu, að kaupunum hafi verið rift þá þegar eða seljanda lampanna skýrt frá, að stefnandi vildi bera fyrir sig, að þeir væru gallaðir. Fyrirvarsmenn stefnanda og stefndi hafa gefið gagnstæðar skýrslur hér að lútandi. Maður sá, sem sagt er, að athugasemd eða riftunaryfirlýsingu hafi verið komið á framfæri við og um þær mundir var sölumaður í þjónustu félagsskaparins Rafblikis, hefur ekki komið fyrir dóm. Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að ekki sé vitað, hver dvalarstaður hans nú er, og eru ekki efni til, að dómurinn hafi frumkvæði að því að afla vitnaskýrslu frá honum. Það þykir styðja skýrslu stefnda um þetta atriði, að fram er komið, að lampar frá Rafbliki, sem afhentir voru í nóvember, voru til sölu í verzlun stefnanda og nokkuð af þeim selt. Samkvæmt framansögðu verður að byggja á því í málinu, að riftunarkrafa hafi komið fram með bréfi lögmanns stefnanda 9. janúar 1963, og að það hafi verið í fyrsta sinn, sem frá því var skýrt, að stefnandi vildi bera fyrir sig, að gallar væru á hinum seldu lömpum. Ósannað er, að stefndi hafi boðizt til að bæta úr göllum á hinum seldu lömpum, áður en mál þetta var höfðað.

Telja verður, að svo verulegir gallar hafi verið á lömpum, sem stefnandi keypti af Rafbliki og hér er um fjallað, að skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi við afhendingu samkvæmt 43. gr. laga nr. 39/1922, og var heimilt að rifta kaupum á öllum lömpunum. Af hálfu stefnanda var þess hins vegar ekki gætt að fara að ákvæðum 52. greinar laganna. Gallar á hinum seldu lömpum eru svo margvíslegir og miklir, að bersýnilega var brotið gegn ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki nr. 61/1933, 46. gr. a), b), d) og f) og 47. gr. b) og c).

Verður því að telja, að riftun sé heimil samkvæmt 53. gr. laga nr. 39/1922.

Dómendur hafa ekki gengið úr skugga um, hve mikið er til af hinum umdeildu lömpum, en um riftinguna fer samkvæmt 57. og 58. gr. laga nr. 39/1922, og verður að telja málið dómtækt. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda vexti af andvirði þeirra lampa, sem honum verða afhentir, 7% p. a. frá 9. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Með tilliti til þessara málaloka ber að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu kyrrsetningar.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Jón Á. Bjarnason verkfræðingur og Óskar Hallgríms-son rafvirki.

Málið hefði að réttu lagi átt að reka fyrir sjó- og verzlunardómi, en í samræmi við fordæmi hefur því þó verið ráðið til lykta á bærjörpingi með sérfróðum meðdómendum.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Glers og Lista h/f, til að rifta kaupum á lömpum þeim, sem félagið keypti af félagsskapnum Rafbliki á árinu 1962. Stefndi, Jón Ólafsson, greiði stefnanda kr. 107.447.00 gegn afhendingu áður nefndra lampa svo og 7% vexti p. a. frá 9. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% vexti p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vexti p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreind kyrrsetning er staðfest.

Stefndi greiði stefnanda kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1967.

Nr. 166/1967. Ólafur Sigurðsson

gegn

Búðaósi h/f og Gísla Indriðasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Um staðfestingu vættis.

Dómur Hæstaréttar.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 16. október 1967, sem Hæstarétti barst